# Sjávarútvegur og fjölmiðlar - sérstaða tapast

Sjávarútvegsráðstefnan 2011

*Birgir Guðmundsson, Háskólanum á Akureyri*

# YFIRLIT FJÖLMIÐLASAGAN - MARKAÐSMIÐLUN

- Tímabil pósta og tíðinda 1773 -1848
- Tímabil ritstjórablaða sjálfstæðisbaráttunnar 1848 -1910
- Upphafsár dagblaða - Cavling tímabilið 1910 -1916
- Tímabil altækrar flokksfjölmiðlunar 1916 - 1960
- Tímabil hörfandi flokksfjölmiðlunar 1960 -2000
- **Tímabil markaðsfjölmiðlunar 2000 -**

(Birgir Guðmundsson, 2007)

# HVERT ER HLUTVERK FJÖLMIÐLA? FJÓRÐA VALDIÐ

- 1) **Upplýsingahlutverk:** koma fram með upplýsingar sem eru réttar og hlutlægar og unnar á faglegum forsendum
- 2) **Aðhaldshlutverk:** Vera á varðbergi gagnvart misbeitingu valds, “varðhundurinn”.
- 3) **Umræðuhlutverk:** Vera farvegur fyrir ólík sjónarmið og gefa umræðunni tækifæri til að dafna.

(Rannsóknarnefnd Alþingis, Viðauki I)

# FJÖLMIÐLAR REYNA AÐ SPEGLA SAMFÉLAGIÐ

- Fréttamat felst í því að draga fram það sem máli skiptir og kynna það fyrir almenningi.
  - Hvað skiptir máli?
  - Hvernig er það unnið eða matreitt?
  - Hvar og hvernig er það sett fram?



# FJÖLMIÐLAR REYNA AÐ SPEGLA SAMFÉLAGIÐ

- Fréttamat felst í því að draga fram það sem máli skiptir og kynna það fyrir almenningi.
  - Hvað skiptir máli?
  - Hvernig er það unnið eða matreitt?
  - Hvar og hvernig er það sett fram?



# HVAÐ HEFUR ÁHRIF Á FAGLEGT FRÉTTAMAT?

- Fimm atriði (hvað skiptir máli?):
  - Eitthvað nýtt – tengt tíma
  - Tengist þeim sem fær upplýsingarnar
  - Skiptir máli/vekur áhuga
  - Þekkt fólk eða mikils metið
  - Felur í sér átök

**(Timeliness; Proximity; Concequence/Impact; Eminence/Prominence; Conflict)**

# HVER ERU HIN FAGLEGU SJÓNARMIÐ?

## Hvernig eru upplýsingar unnar:

- Blaðamaðurinn nálgast viðfangsefnið sem hinn hlutlausi rannsakandi/(gagn)rýnandi.
- Blaðamenn halda skoðunum og gildisdómum utan við fréttir og segja eingöngu frá staðreyndum og sjónarmiðum annarra.
- Blaðamenn beita viðurkenndum reglum við skrif sín, sem stuðla að hlutlægni og áherslu á fréttatengd atriði – þetta eru t.d. fréttapýramídinn.
- Blaðamenn þurfa að ganga í gegnum þá síu að frétta- eða ritstjóri fer yfir það sem hann skrifar og tryggir að efnið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru.

Þrjú lykilhugtök: Sanngirni - nákvæmni - jafnvægi

# FAGLEG NÁLGUN

- Fréttamat stjórnast af almennu fréttnæmi
- Vinnubrögð stjórnast af faglegum viðmiðum (sanngirni, nákvæmni, jafnvægi)

- Fjölmiðlaveruleikinn á því að endurspegla þjóðfélagsveruleikann í stórum dráttum, (en ýmsir hagsmunaaðilar reyna að hafa og hafa áhrif á hvernig þessi sýndarveruleiki birtist okkur).

# SJÁVARÚTVEGUR, ÞJÓÐFÉLAGSVERULEIKINN, OG FJÖLMIÐLAVERULEIKINN!




Heimild: Hagstofan

# SJÁVARÚTVEGUR, ÞJÓÐFÉLAGSVERULEIKINN, OG FJÖLMIÐLAVERULEIKINN!




Heimild: Hagstofan

# SJÁVARÚTVEGUR, ÞJÓÐFÉLAGSVERULEIKINN, OG FJÖLMIÐLAVERULEIKINN!






Heimild: Hagstofan/tímarit.is

# SJÁVARÚTVEGUR, ÞJÓÐFÉLAGSVERULEIKINN, OG FJÖLMIÐLAVERULEIKINN!

## “Vísitala” fyrir tíðni orðsins “afli” í prentmiðlum




Heimild: tímarit.is/Hagstofan

# SJÁVARÚTVEGUR OG FJÖLMIÐLAR

- Fjölmiðlaveruleikinn endurspeglar þjóðfélagsveruleikann og sjávarútvegur hættir að vera hluti af daglegu lífi og minnkar því í **fréttnæmi**. (Varðar færri, ekki áhugavert)

- Sjávarútvegur skiptir máli í **fréttnæmi**: (átök, þekkt fólk)
  - Kvótaumræða (með - móti)
  - ESB-umræða (með – móti)
  - Viðskipti og fjármál (kvótasölur, viðskiptajöfrar)

# BREYTT STAÐA SJÁVARÚTVEGS Í FJÖLMIÐLUM

- Sjávarútvegur missir sérstöðu sína í fjölmiðlum.
  - Annars vegar verður hann einn af fjölmörgum sérhagsmunum sem takast á í samfélaginu og vill hafa áhrif á það hvernig fjölmiðlaveruleikinn lítur út. Einn af mörgum hagsmunaaðilum sem fá að segja skoðun sína. (Jafnvægi, sanngirni, nákvæmni)
  - Hins vegar er hann hluti af almennum viðskiptafréttum þar sem kaup og sala hlutabréfa eða kvóta eru í brennidepli.
- Gamaldags “sjávarútvegsfréttir” færast inn í “Landann” með skrýtna fólkinu á landsbyggðinni og hliðarsali fjölmiðlagáttanna. (Aðeins einn að skrifa slíkar fréttir að staðaldri í dag?)

# MIKIL BREYTING - SAMANTEKT

- Samfara tækniþróun og samþjöppun í sjávarútvegi fækkar fólki sem hefur beina að komu að sjávarútvegi. Um leið er ekki eins áhugavert fyrir fjölmiðla að fjalla um greinina vegna þess að færri tengjast henni.
- Sjávarútvegsfyrirtæki verða að almennum viðskiptafréttum (ekki sjávarútvegsfréttum) þar sem kaup og sölur eru helstu fréttaefnin í tengslum við markaðsvæðingu samfélagsins.
- Fjölmiðlarnir tileinka sér sígilt/faglegt fréttamat þar sem markaðssjónarmið og “almannaheill” ráða, og segja frá sjávarútvegi sem hverjum öðrum hagsmunaaðila í samfélaginu og greinin missir sérstöðu sína.